



Vistunarsamningur

Barnaverndarstofa

1. Barnaverndarnefnd _____ sem _____

vistunaraðili og meðferðarheimilið _____

gera með sér þennan vistunarsamning ásamt forsjáraðilum viðkomandi barns og barns sem náð hefur 15 ára aldri.

2. Nafn barns:

Kt.

3. Foreldrar:

Móðir:

Kt.

Stjúpa:

Kt.

Lögheimili:

Atvinna:

Vinnustaður:

Heimasími:

Vinnusími:

Faðir:

Kt.

Stjúpi:

Kt.

Lögheimili:

Atvinna:

Vinnustaður:

Heimasími:

Vinnusími:

Forsjáraðilar:

Lögráðamaður barns:

Kt.

4. Markmið meðferðar

Hér skal getið um meginmarkmið meðferðarinnar sem aðilar þessa samnings eru sammála um að stefnt skuli að:

5. Umgengni á dvalartíma

Við kynforeldra (merkið við með x):

- Báða
- Móður
- Föður

Við aðra nákomna barni:

Nafn	heimili	sími
Nafn	heimili	sími
Nafn	heimili	sími
Nafn	heimili	sími

6. Um umgengni og önnur samskipti barns við forsjáraðila og aðra nákomna fer eftir reglum um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu (sjá 4. gr.) og reglum viðkomandi meðferðarheimilis nema barnaverndarnefnd sem vistar barn taki ákvarðanir um annað fyrirkomulag. Hér getur verið um að ræða heimsóknir, heimfararleyfi barns og fyrirkomulag þeirra, símtöl, bréf, gjafir o.þ.h. Barni er ekki heimil einkanotkun á farsíma meðan á vistun stendur.

Athugasemdir:

7. Framfærsla og annar kostnaður:

Meðferðarheimili greiðir kostnað vegna almennrar lækniþjónustu frá heilsugæslu sem heimilið telur þörf á af tilefnum sem koma upp á meðan á meðferð stendur, svo og vegna rannsókna sem gerðar eru skv. 2. mgr. 13. gr. reglna Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum. Forsjáraðilar greiða allan kostnað vegna lækniþjónustu, svo sem kostnað vegna þjónustu geðlækna, tannlækna eða annarra sérfræðinga þar með talinn allan ferðakostnað, enda skal ekki óskað eftir slíkri þjónustu nema í samráði við forsjáraðila (sbr. Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila, 17. gr.). Um ábyrgðaraðila vegna annars kostnaðar s.s. heimfararleyfa skal getið hér að neðan:

8. Meðlagsgreiðslur:

Vistunaraðila ber að sjá til þess að forsjáraðilar greiði eða að meðferðarheimili berist með barni sem samsvarar einu meðlagi á mánuði, eins og Tryggingastofnun ríkisins ákveður hverju sinni. Forsjáraðili felur meðferðaraðilum ráðstöfun meðlagsins að öllu leyti. Meðferðaraðilar ráðstafa meðlaginu til að greiða fyrir daglegar þarfir barnsins, sem ekki telst eðlilegt að greiða með rekstrarfé heimilisins – t.d. greiðslu vasapeninga, ýmissa nauðsynjavara og fyrir þátttöku í tómsundum s.s. ferðalögum, leikhúsferðum o.fl. Meðferðaraðila er heimilt að gera barni að greiða fyrir skemmdir sem það veldur á eignum annarra af vasapeningi/meðlagi. Meðferðaraðilar halda yfirlit yfir ráðstöfun meðlagsins fyrir hvert barn og skila því til forráðamanna við útskrift (sbr. Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila, 14. gr.).

ATH! Meðlagsgreiðslur skulu berast eigi síðar 10. hvers mánaðar - hafi greiðslan ekki borist 10 dögum eftir þann tímafrest skal berast greiðsla beint frá vistunaraðila þ.e. viðkomandi barnaverndarnefnd.

Athugasemdir:

9. Samstarf - verkaskipting:

Starfsmenn barnaverndarnefnda og forsjáraðilar mæta á samráðsfundi sem halda skal á meðferðarheimili nema sérstaklega standi á. Samráðsfundi skal halda eigi sjaldnar en 4-5 sinnum á ári að meðtöldum inn- og útskriftarfundum. Starfsmaður meðferðarheimilis ber ábyrgð á að rituð sé fundargerð. Meðferðarheimilið mun boða til fundanna. Meðferðaraðili skilar til vistunaraðila samantekt um gengi barns í meðferðinni eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti (sbr. Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila, 12. gr.).

Athugasemdir:

10. Fyrsti samráðsfundur verður haldinn:

dags.

staðsetning

Forsjáraðilar skulu sækja sér stuðning og/eða meðferð meðan á dvöl barnsins stendur. Forsjáraðilar munu gera grein fyrir þessum stuðningi á samráðsfundum. Hér skal geta um þann stuðning sem forsjáraðilar munu nýta sér í tengslum við meðferðardvölinu:

Hér skal geta um þann stuðning sem vistunaraðili mun bjóða forsjáraðilum upp á meðan á dvöl barnsins stendur:

11. Dvalartími:

Vistunarsamning skal gera í mesta lagi til eins árs í senn. Vistun skal eigi standa lengur en þörf krefur.

Dvöl hefst / hófst:

Dagsetning

Fyrirhuguð lok:

Dagsetning

12. Útskrift:

Eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir útskrift skulu starfsmenn meðferðarheimilis skila stuttri greinargerð og skriflegum tillögum til vistunaraðila. Starfsmenn barnaverndarnefnda skulu, í samráði við meðferðarheimili og forsjáraðila, gera skriflega áætlun um áframhaldandi meðferð máls, að jafnaði mánuði áður en að útskrift barns kemur. Að lokinni meðferð skulu starfsmenn meðferðarheimilis skila greinargerð til vistunaraðila um meðferðarferli ásamt tillögum um framhald (sbr. Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila, 13. gr.).

Ef vistunarsamningur er gerður til 6 mánaða eða skemmri tíma skulu starfsmenn meðferðarheimilis skila skriflegum tillögum til vistunaraðila eigi síðar en tveimur vikum eftir útskrift. Á útskriftarfundi sitja forsjáraðilar, barnið, starfsmenn barnaverndarnefnda og meðferðarheimilis. Á fundinum er farið yfir skriflega áætlun um áframhaldandi meðferð máls (sbr. Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila, 8. gr.).

Meðferðaraðilar skulu skila afriti af öllum ofangreindum skýrslum til Barnaverndarstofu.

Ath. Um aðra þætti samstarfsaðila þessa samnings vísast í „Reglur um samstarf barnaverndarnefnda og meðferðarheimila

undir yfirstjórn Barnaverndarstofu “ sem tóku gildi 1. mars 2001. Einnig vísast í „Reglur um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu“ sem tóku gildi 1. febrúar 1999.

Að samningi þessum standa:

Forsjáraðilar

Undirskrift

Undirskrift

13. Annað:

Forsjáraðilar hafa kynnt sér starfsemi meðferðarheimilisins þ.m.t. reglur, tímstundir, skóla, vinnu og markmið. Forsjáraðilar samþykkja að viðkomandi barn taki fullan þátt í starfseminni. Jafnframt gefa forsjáraðilar fullt leyfi til að kalla til lögreglu ef talin er þörf á vegna hegðunar barnsins. Meðferðarheimilið skal ávallt tilkynna vistunaraðila tafarlaust um slíkar aðgerðir og ber vistunaraðili ábyrgð á því að hafa samband við forsjáraðila.

Athugasemdir:

Undirskrift barns

F.h. barnaverndarnefndar sem vistunaraðili

Undirskrift

Undirskrift

Undirskrift

Dags. undirskriftar

Ath. Frumrit af vistunarsamningi skal vera til á meðferðarheimilinu en aðrir samningsaðilar fá afrit. Afrit af vistunarsamningi skal sent Barnaverndarstofu. Berist ekki athugasemdir stofunnar telst vistunarsamningurinn samþykktur.